



**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, GENF, 14.
nóvember 2011**

FRÉTTATILKYNNING (¹)

Ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var haldinn í Genf 14. nóvember 2011 undir forsæti Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra og Svartfjallalands undirrituðu fríverslunarsamning. Ráðherrar EFTA-ríkjanna, ásamt fulltrúum Kostaríku, Hondúras og Panama sendu frá sér tilkynningu um upphaf fríverslunarviðræðna.

Alþjóðlegt efnahags- og viðskiptaumhverfi

Ráðherrar EFTA-ríkjanna ræddu alþjóðlegt efnahags- og viðskiptaumhverfi. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi stefnu sem miðaði að því að auka hagvöxt og fjárhagslegan og efnahagslegan stöðugleika í Evrópu og á alþjóðavettvangi. Þeir ítrekuðu eindreginn stuðning sinn við hið fjölþjóðlega viðskiptakerfi. Með hliðsjón af væntanlegum ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) lýstu ráðherrarnir þungum áhyggjum af því hve seint miðaði í Doha-viðræðum WTO og bentu á að nauðsynlegt væri að leita nýrra leiða við samningaviðræðurnar ef takast ætti að ná markmiðum Doha-viðræðnanna.

Fríverslunarsamningur EFTA og Svartfjallalands

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju með hinn nýja fríverslunarsamning sem gerður hefur verið við Svartfjallaland og bætist við safn samninga EFTA. Nú þegar hafa verið gerðir 24 fríverslunarsamningar við 33 lönd og yfirráðasvæði utan Evrópusambandsins. EFTA-ríkin hafa nú gert fimm fríverslunarsamninga við samstarfsríki í Suðaustur-Evrópu.

Tilkynning um samningaviðræður við samstarfsríki í Mið-Ameríku

EFTA-ríkin tilkynntu að hafnar yrðu samningaviðræður um víðtækan fríverslunarsamning við Kostaríku, Hondúras og Panama. Samningsaðilar lýstu sig reiðubúna að hefja viðræðurnar snemma á næsta ári. Önnur lönd Mið-Ameríku kunna að koma að ferlinu á síðari stigum.

(¹) Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar.

Önnur ívilnandi viðskiptasambönd

EFTA-ráðherrarnir fóru yfir stöðu og horfur að því er varðar ívilnandi viðskiptasambönd við samstarfsaðila um allan heim. Þeir fögnuðu því að verulegur árangur hefði náðst í samningaviðræðum við Indland og sögðu æskilegt að ljúka viðræðunum snemma árs 2012. Þeir fögnuðu einnig þeim árangri sem náðst hefði í viðræðum við aðildarríki tollabandalags Rússlands, Hvítarússlands og Kasakstans á árinu 2011. Í þessu sambandi lýstu þeir yfir mikilli ánægju með að samningaviðræður um aðild Rússlands að Heimsviðskiptastofnuninni hefðu nýlega verið til lykta leiddar. Ráðherrarnir ræddu einnig þá jákvæðu framvindu sem hefði orðið í viðræðum milli EFTA og Indónesíu. Þá bentu þeir á þann árangur sem hefði náðst í viðræðum við Bosníu og Hersegóvínu og væntu þess að ekki liði á löngu áður en samningur væri í höfn.

Ráðherrarnir lýstu vilja sínum til halda áfram skoðanaskiptum við stjórnvöld í Malasíu í því skyni að hefja fríverslunarviðræður. Þeir væntu þess að samningaviðræður við Víetnam gætu hafist hið fyrsta á grundvelli sameiginlegrar hagkvæmnikönnunar sérfræðinga. Þeir staðfestu einnig áhuga sinn á að kanna frekari leiðir til að koma á viðskiptatengslum við ríki MERCOSUR (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ). Ráðherrarnir ræddu horfurnar á að stofna til nánari viðskiptatengsla við Afríkuríki sunnan Sahara og ákváðu að kanna hvort það væri unnt með samstarfslöndum í þessum heimshluta. Ráðherrarnir voru enn fremur á einu máli um að fylgjast með þróun mála í Alsír og Taílandi, í því skyni að hefja aftur viðræður við þessi lönd þegar aðstæður leyfðu.

Aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur milli EFTA-ríkjanna

Ráðherrarnir lýstu yfir stuðningi sínum við niðurstöðu viðræðna sérfræðinga um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur milli EFTA-ríkjanna.

Þingmannanefnd EFTA

Ráðherrarnir skiptust á skoðunum við þingmannanefnd EFTA um nýlega framvindu mála og forgangsverkefni hvað varðar fríverslunarsambönd EFTA við umheiminn.

Skipanir

Ráðherrarnir skipuðu Kristín F. Árnason sendiherra frá Íslandi til að taka við starfi framkvæmdastjóra af Kåre Bryn hinn 1. september 2012. Þeir skipuðu einnig Ivo Kaufmann frá Sviss í stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra í Genf. Noregur mun tilnefna í stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra í Brussel og verður hann skipaður síðar. Ráðherrarnir skipuðu einnig Georges Baur frá Liechtenstein í stöðu vara-aðstoðarframkvæmdastjóra í Brussel.

Fundinn sátu:

Noregur: Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra (formaður)

Ísland: Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins og ráðuneytis
utanríkisviðskipta

Liechtenstein: Aurelia Frick, utanríkisráðherra

Sviss: Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra, yfirmaður
efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins

EFTA: Kåre Bryn, framkvæmdastjóri
